

Reykjavík 14. febrúar 2022

Kæru félagar,

Til hamingju með daginn! Í dag, 14. febrúar, er tilefni til að fagna því samstarfsvettvangur okkar allra fyrir betri kjörum og betra samfélagi á stórafmæli. Það eru 80 ár síðan starfsfólk hjá hinu opinbera bast samtökum og stofnuðu BSRB. Þau létu reyna á samstöðuna og hófu þessa vegferð sem hefur skilað okkur svo miklu.

Félagsfólk aðildarféлага bandalagsins kemur úr ýmsum áttum. Þau starfa við umönnun, í grunnskólum, leikskólum, í löggæslu, við slökkvistörf og sjúkraflutninga, flugsamgöngur, heilbrigðisþjónustu, þjónustu við fatlað fólk, pósthjónustu, stjórnsýslu og ótal margt fleira. Starfsfólk almannathjónustunnar heldur samfélaginu gangandi, eins og heimsfaraldurinn sem nú er vonandi á lokametrinum hefur sýnt okkur. Það er einmitt samstaða þessa um margt ólíku stétta sem hefur skilað okkur stærstu sigrunum í gegnum tíðina. Það er auðvelt að benda á ólíka hagsmuni í einstökum málum en það er svo ótrúlega margt sem við eigum sameiginlegt, svo gríðarmiklir hagsmunir allra að vinna saman.

Við höfum þurft að berjast fyrir öllum þeim árangri sem hefur náðst í gegnum þessa 80 ára sögu BSRB og sú barátta hefur stundum verið harkaleg. En árangurinn er líka eftir því. Við getum nefnt að bandalagið var fyrst til að tryggja lífeyrisréttindi fyrir allt félagsfólk, orlofsrétt og rétt til launa í fæðingarorlofi. Við gætum einnig nefnt að bandalagið náði fram einu af fyrstu jafnlaunaákvæðunum þar sem staðfest var að kjör kvenna og karla eigi að vera þau sömu. Bandalagið hefur tvisvar náð góðum árangri í því að stytta vinnutíma, fyrst úr 44 stundum í 40 árið 1970 og svo aftur árið 2020 þegar þorri félagsmanna stytta vinnutímann í 36 stundir eða minna. Mörg þessara réttinda sem okkur finnst sjálfsögð í dag og viljum gjarnan betrumbæta enn frekar, voru einu sinni bara hugmyndir félagsfólks og oft voru aðstæður þannig að það þótti nær óhugsandi að þær yrðu að veruleika.

Þessi árangur hefði aldrei náðst ef aðildarfélögin hefðu samið hvert í sínu horni. Það er samtakamátturinn og krafturinn sem býr í félagsmönnunum sem hefur komið okkur öllum á þennan stað. Nú stýttist í að kjarasamningar verði lausir enn á ný og undirbúningurinn að hefjast hjá aðildarfélögunum. Við vitum ekki hverjar áherslurnar verða í kjaraviðræðunum. Það eru okkar frábæra félagsfólk sem varðar þá leið. En hverjar sem kröfurnar verða er ljóst að til þess að ná árangri verðum við að vera tilbúin í baráttuna saman. Það er gríðarlegur styrkur að vita til þess að rúmlega 23 þúsund félagar í aðildarfélögum BSRB standa saman og séu tilbúinir í baráttuna fyrir bættum kjörum og betri starfsaðstæðum.

Kæru félagar. Takk kærlega fyrir samvinnuna, stuðninginn og samstöðuna síðustu 80 ár.

Baráttukveðjur!

Sonja Ýr Þorbergsdóttir formaður BSRB

Þórarinn Eyfjörð 1. varaformaður BSRB

Arna Jakobína Björnsdóttir 2. varaformaður BSRB